

4. bekkur samfélagsgreinar kennsluáætlun 2019-2020 fyrir áramót

Kennarar: Guðný Róbertsdóttir; Halla Óladóttir; Sigríður Karlsdóttir

4

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Markmiðið er að efla skilning nemenda á mismunandi viðhorfum til umhverfis og auðlinda. Að nemendur kynnist lífsháttum áður fyrr, menningu og sögu. Að nemendur kynnist hvernig hægt er að nota lýðræðisleg vinnubrögð innan fjölskyldu, í vinahópi, skólanum eða í samfélaginu almennt.

Unnið út frá grunnþáttunum sex: Jafnrétti, mannréttindi og lýðræði, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, læsi og sköpun.

Fræðst um söfn í heimabyggð.

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Ísland áður fyrr, Ísland landið okkar, Komdu og skoðaðu himingeiminn, Komdu og skoðaðu landnámið, Komdu og skoðaðu sögu mannkynsins, Komdu og skoðaðu eldgos og Komdu og skoðaðu þjóðhætti, Köngulær og ánamaðkar. Notast er einnig við ípada og námsefni þessu tengt á mms.is.

Unnið í þemum eins og Hver er ég? og Ísland og heimurinn.

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Unnið í þemum, einstaklingsvinnu, samvinnu og hópverkefnum.

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Sjálfsmat eftir hvert þema og símat kennara.

GF samfélagsgreinar 4. bekkur - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika.
- Sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu.

GF samfélagsgreinar 4. bekkur

- Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
- Sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú.
- Áttað sig á muninum á völdum þáttum trúar- og lífsviðhorfa.
- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
- Rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni.
- Bent á tengsl valinna þátta í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfi, einkum í nærsamfélaginu.
- Velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni
- Lýst kostnaði vegna eigin neyslu og átti sig á ýmsum tilboðum sem hvetja til útgjalda og neyslu.
- Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.
- Sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna.
- Lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.
- Aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum o g miðlum.
- Komið auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga.
- Nefnt dæmi um trúarlegar vísanir í listum og bókmenntum.
- Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.
- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti.

GF samfélagsgreinar 4. bekkur - Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans.

GF samfélagsgreinar 4. bekkur - Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Sett sig inn í málefni nærsamfélagsins.